



Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík
mar@mar.is

Janúar 2024

Umsögn við máli nr. S-253/2023: Frumvarp til laga um lagareldi

Ungir umhverfissinnar hafa kynnt sér frumvarp til laga um lagareldi. Lög þessi eru nauðsynleg til að standa vörð um náttúru landsins. Sjáum við ýmis jákvæð atriði í lögum þessum en finnst okkur þó ekki nógu langt gengið til að komið verði í veg fyrir náttúruspjöll. Að okkar mati ætti eldi á framandi tegund aldrei að vera leyft nema í lokuðu umhverfi eða með ófrjóum einstaklingum.

Friðunarsvæði

Í 7. grein er fjallað um friðunarsvæði þar sem laxeldi er ekki leyft. Fögnum við því að svæðum hefur verið bætt við og friðun þessa svæða fyrir laxeldi verði fest í lög. Við viljum þó benda á það sem við skrifuðum um sama mál í [umsögn](#) um stefnumótun í lagareldi þann 4. nóvember síðastliðinn:

Verndun villta laxins virðist hafa verið áherslupunktur snemma í leyfisveitingaferli sjókvíaeldis þar sem ákveðin svæði eru friðuð fyrir eldi. Á þessum svæðum renna margar mikilvægar laxveiðiar til sjávar og er eldi ekki leyft þar til að minnka líkur á erfðablöndun. Líklega er þar treyst á rötun eldisfisksins til uppeldisstaðar og líkur á því að fiskur sem sleppur gangi upp ár sem talið var að ekki væru háar. Þannig ætti að vera hægt að halda áhrifum sjókvíaeldis og sleppingum eldislax við þau svæði sem eldi er leyft á. Atburðir síðustu ára, og þá sér í lagi sleppingarnar í Patreksfirði, hafa þó sýnt fram á annað. Laxinn sem þar slapp gekk upp ár hundruði kílómetra frá upprunastað. Mikið magn gekk upp Blöndu sem er innan þess svæðis sem sjókvíaeldi er bannað á og er um 270 kílómetrum frá Patreksfirði. Það er því greinilegt að forsendur þess að leyfa sjókvíaeldi á sumum stöðum en ekki öðrum til verndar villta laxastofnsins eru brostnar. Laxinn virðist hafa mikla

getu til að ganga upp ár og gerir það ekki staðbundið á þeim svæðum sem hann er alinn eins og talið var. Friðunarsvæði eru því ekkert annað en tól til að friða samviskuna og telja fólki trú um að hugað sé að villta laxastofninum í þessum iðnaði.

Óttumst við að þessi friðunarsvæði verði ekki nóg til að koma í veg fyrir erfðablöndun þegar sleppingar verða ef enn er leyfilegt að ala frjóan fisk við Ísland. Áhættumat ætti að taka það til greina að fiskurinn syndir langt og heldur sig ekki við fjörðinn sem hann var alinn í. Það sem væri réttast að gera til að standa vörð um náttúru landsins er að banna eldi á frjóum fisk í sjókvíum.

Önnur áhrif sjókvíaldis

Við viljum benda á að eldi á ófrjóum einstaklingum af framandi tegund í sjókvíum kemur aðeins í veg fyrir eitt af fjölmörgum neikvæðum áhrifum sjókvíaldis á náttúruna.

Opnar sjókvíar og allur búnaður sem þeim fylgir losar mikið plast í hafið. Örpplast úr fóðurrörum, plast í netunum sjálfum, frauðplastkassar til að flytja fiskinn. Plastmengun ætti að taka alvarlega þar sem hún hefur vitæk áhrif á lífríki jarðar, þar á meðal fæðukeðjur sem fólk um allan heim reiðir sig á.

Úr opnum sjókvíum fellur mikið magn lífræns úrgangs til botns. Þetta hefur áhrif á botnsjávarylífverur og þar sem lítilla strauma gætir geta áhrifin verið langvarandi.

Lúsaeitur sem sett er í opnar sjókvíar fer út í nærumhverfið og hefur gríðarlega neikvæð áhrif á krabbadýr og þær tegundir sem treysta á krabbadýr til fæðu.

Þann 4. nóvember 2023 sendum við inn ítarlega [umsögn](#) við stefnumótun í lagareldi en þar má lesa enn frekar um þessi mál.

Það að leyfa aðeins eldi á ófrjóum fisk í sjókvíum við landið er í raun það minnsta sem stjórnvöld geta gert til að standa vörð um náttúruna. Ef fiskurinn er alinn í lokuðum kerfum er hægt að koma í veg fyrir fleiri náttúruspjöll og ætti það að vera markmið stjórnvalda undir þeim skilyrðum sem þau hafa sjálf sett sér. Leyfi til eldis á framandi tegund í opnum kerfum getur engan veginn talist í samræmi við vistkerfis- og varúðarnálgun.


Að lokum

Eins og nefnt var að ofan er margt jákvætt við þetta frumvarp og er nauðsynlegt að setja á lög varðandi þennan iðnað til að standa vörð um náttúru og samfélag. Okkur þykir þó miður að náttúran sé ekki alfarið sett í fyrsta sæti. Allt bendir til þess að sama á hvaða skala og hve mikið eftirlit er með sjókvíaldi þá munu sleppingar verða. Mun þá náttúran hljóta skaða af og samfélag okkar í leið. Við getum breytt til hins betra núna og lært af okkar mistökum og annarra. Við getum ákveðið að setja náttúruna ekki alltaf undir til að greiða leið fyrir gróða. Vistkerfisnálgun er sem betur fer farin að rata inn í lög sem þessi en þá þurfum við líka að skilja hvað það virkilega þýðir og hvernig því verður fylgt eftir í framkvæmd. Velferð mannkyns og hagur samfélaga liggur ekki í gróða á kostnað náttúrunnar heldur heilbrigðum

vistkerfum sem geta stutt við þarfir okkar til lengri tíma. Sjúkvíaeldi fellur ekki innan þess ramma í þeirri mynd sem það er í dag eða þeirri mynd sem máluð er með frumvarpi þessu.

Ungir umhverfissinnar eru boðin og búin að taka þátt í frekara samráði og aðstoða við gerð þessa laga.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna,



Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, náttúruverndarfulltrúi